

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 31. maí 2024
Málsnúmer: 202405-0040
SS

Efni: Umsögn um erindi ungra bænda um varnir gegn álfum.

Vísað er í bréf frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um erindi sem barst ráðuneytinu frá Samtökum ungra bænda. Í því erindi er óskað eftir því að ráðuneytið skoði hvort endurskoða eigi alfriðun álfar til að gera bændum kleyft að verja ræktunarland sitt fyrir ágangi tegundarinnar.

Náttúrufræðistofnun hefur alloft áður svarað erindum af svipuðum meiði m.a. til Alþingis um tillögur að þingsályktunum nú síðast þann 21. nóvember 2023 um tillögu til þingsályktunar um leyfi til að veiða á álf, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitímabils. Einnig má benda á svar við erindi frá ráðuneytinu um beiðni um undanþágu til að veiða álfir í Eyjafjarðarsveit en sú umsögn er dagsett 22. maí 2023. Í þessum fyrri umsögnum má finna umfjöllun um eftirfarandi:

Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf áður en samþykktar eru breytingar á veiðifyrirkomulagi einstakra tegunda að liggja fyrir vel ígrundaðar stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir þær tegundir sem um ræðir, byggðar á bestu þekkingu um stöðu stofna og áhrif einstakra aðgerða á þá. Í þeim áætlunum má fjalla um ýmis atriði t.a.m. fyrirkomulag við mat á tjóni á túnnum og ökrum, mat á árangri fæliaðgerða, hugmyndir um að beita svokölluðum tjónaveiðum til að viðhalda tiltekinni stofnstærð fyrir einstakar tegundir líkt og þekkist með gæsategundir sums staðar í Evrópu o.fl.

Náttúrufræðistofnun telur því forgangsatríði að vinna við stjórnunar- og verndaráætlanir þeirra tegunda sem taldar eru valda tjóni hefjist sem allra fyrst. Einnig þarf við endurskoðun laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum að festa í sessi hlutverk stjórnunar- og verndaráætlana tegunda en þær eru ekki í núgildandi löggjöf. Mikilvægt er að klára endurskoðun laganna sem fyrst

Grundvallaratriði er að bæta til muna þekkingu. Styrkja þarf rannsóknir og vöktun á álfum og gæsategundum og vinna stofnþróunarlíkön sem eru nauðsynleg til að geta áætlað lágmarksstofnstærð fyrir íslensku varpstofnana. Þar sem um fartegundir er að ræða þarf að treysta á að vöktunargögn frá vetrarstöðvum tegundanna séu einnig til staðar. Þá þarf að auka rannsóknir á vistfræði tegunda til að þekkja þá helstu áhrifaþætti sem móta stofnþróunina. Síðast en ekki síst þarf að auka rannsóknir á því tjóni sem álfir og gæsategundir valda á túnnum og kornökum hér á landi og gera greiningu á því hvaða aðgerðir séu heppilegar til að draga úr vandanum en staðbundnar aðstæður geta haft mikið um að segja hvaða aðgerðir henta hverju sinni. Lykilatriði er að tryggja grundvöll nauðsynlegra rannsókna, bæði mannaúð og fjármagn.

Taka þarf tillit til alþjóðlegrar stöðu tegunda en Ísland er aðili að AEWA-samningnum um vernd farfugla og votlendisfugla í Afríku og Evrasíu. Álfir og þær gæsategundir sem verpa eða heimsækja Ísland eru allar viðfangsefni samningsins. Ísland er einnig aðili að



Bernarsamningnum um verndun villtra plantna og dýra í Evrópu. Samkvæmt þeim samningi ber okkur sérstaklega að stuðla að verndun tiltekinna tegunda sem skilgreindar eru sem tegundir undir mikilli vernd í 2. viðauka samningsins (Annex II). Bæði helsingi og álftr eru á þeim lista. Samkvæmt samþykktum beggja samninga er lagst gegn því að heimila veiðar á andfuglum á varptíma þar sem um sérstaklega viðkvæman tíma í lífsferli fuglanna er að ræða. Veiðar á varptíma eru einnig bannaðar í Evrópusambandinu sem hluti af innleiðingu fuglatilskipunarinnar (Bird Directive). Hugmyndir um að heimila veiðar á þessum tegundum á varptíma er því algjörlega á skjön við alþjóðleg viðmið og samþykktir. Náttúrufræðistofnun styður ekki að undanþágur séu veittar til að veiða þessar fuglategundir á varptíma.

Varðandi einstakar tegundir má nefna að nýlega var samþykkt breyting á skilgreindri verndarstöðu íslenska grágæsastofnsins vegna viðvarandi fækkunar og í kjölfarið var ákveðið að innleiða sölubann hérlandis til að draga úr veiðiálagi. Verið er að vinna að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir íslenska grágæsastofninn í samstarfi við Bretland þar sem vetrarstöðvarnar eru.

Álftr er alfríðuð í Evrópu og veiðar alfarið bannaðar í nær öllum Evrópulöndum. Margt virðist benda til þess að ágangur álftra í tún og akra á landbúnaðarsvæðum sé að aukast. Álfstafninn hefur farið stækkandi undanfarna áratugi og er ekki ólíklegt að aukið fæðuframboð vegna vaxandi fjölda kornakra og aukinnar grósku á tünnum og öðru ræktarlandi sé þar meðal orsakabátta. Þó skortir betri rannsóknir á þessu sem og rannsóknir á hversu mikið tjón ásókn álftra er í raun og veru. Þá er nauðsynlegt að mati Náttúrufræðistofnunar að vinna að stefnumótun varðandi þetta mál og rýna valkosti sem eru í stöðunni þ.m.t. nauðsynlegar laga- og reglugerðarbreytingar ef þörf þykir. Álftr hefur þá sérstöðu að njóta sérstakrar friðunar samkvæmt Bernarsamningnum, þannig að einungis er hægt að veita tímabundnar og staðbundnar undanþágur til veiða á henni til að koma í veg fyrir tjón. Ljóst er að ef Ísland hygðist aflétta friðun á álftr þyrfti að ræða það á vettvangi Bernarsamningsins þar sem álftr er meðal tegunda á sérstökum viðauka um tegundir sem ber að vernda.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er grundvallaratriði að ákvarðanir um að aflétta friðun álftra séu rökstuddar vandlega og byggðar á heildstæðu mati á t.d. umfangi og eðli tjóns á landsvísu, upplýsingum um árangur fæliaðgerða af ólíkum toga og greinargróðum upplýsingum um stofnþróun og útbreiðslu álftra í ólíkum landshlutum. Þannig er hægt að skilgreina almenn viðmið sem forsendur fyrir aðgerðum. Heppilegast væri ef stjórnunar- og verndaráætlun fyrir álftr og aðrar mögulegar tjónategundir lægu fyrir, líkt og var til umræðu í drögum að frumvarpi að breytingu á lögum nr. 64/1994 á síðasta kjörtímabili. Í dag skortir lagagrundvöll fyrir slíku og áætlanir ekki til staðar.

Ef öll rök liggja að baki því að heimila veiðar á tjónategundum sem í dag eru friðaðar, þá gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við að sá möguleiki sé skoðaður svo lengi sem um mannúðlegar veiðiaðferðir sé að ræða og það sé öruggt að veiðarnar ógni ekki stofnum tegundarinnar. Fleiri sjónarmið en vísindalegt mat eru þó líkleg til að koma við sögu þegar friðun alfríðaðrar tegundar er aflétt, og eðlilegt að taka tillit til þeirra.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir um breytingar á friðunarstöðu eða veiðitíma einstakra fuglategunda þarf að byggja á góðum rökstuðningi og þekkingu á hvaða áhrif þær munu hafa á stöðu tegundanna

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in black ink, reading "Snorri Sigurðsson". The script is cursive and fluid, with the first name "Snorri" and the last name "Sigurðsson" clearly distinguishable.

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs